

Ed. **539. Frumvarp til laga** **[106. mál]**

um breyting á lögum nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

2.—3. töluliður og niðurlagsmálsgr. 9. gr. laganna falli niður. — 4.—5. tölul. sömu greinar verði 2.—3. tölul.

2. gr.

2. másl. 1. málsgr. 10. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi svo hljóðandi viðbót:

Nú stundar gjaldþegn fasta atvinnu utan heimilissveitar og meiri hluti atvinnutekna hans stafar frá þeirri atvinnu, en útsvör verða talin hlutfallslega lægri í heimilissveit hans en í atvinnusveit, og getur þá atvinnusveit krafizt þess, þótt útsvari gjaldþegns sé ekki skipt, að hann greiði henni útsvar, sem nemur þeirri upphæð, er honum hefði borið að greiða í atvinnusveit umfram það, er hann greiðir í heimilissveit.

Heimilissveit er skylt að innheimta útsvarsauka þennan, samkv. úrskurði yfirskattanefndar, og standa atvinnusveit skil á honum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara 1950.